

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000, Grundir við Hólsá.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. ágúst 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 frá 20. desember 1982.

Breytingin felst í því að svæði sem afmarkast af Hólsá, höfninni, „Kirkjuvegi“ og Þuríðarbraut breytist úr iðnaðarsvæði, íbúðarsvæði og opnu svæði til sérstakra nota, í verslunar- og þjónustusvæði. Gert er ráð fyrir nýjum vegi í vegstæði Hólsvegar milli Grundarstígs og Þuríðarbrautar og nýjum göngustígum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 19. ágúst 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2009